

Reykjavík, 20. desember 2016
R16120011
1252

Borgarráð

Reykjavík Fashion Festival 2016 - Beiðni um færslu styrkveitinga á milli ára

Vísað er til umsóknar frá Reykjavík Fashion Festival dags. 2. desember 2016 um að styrkur sem vilyrði var gefið fyrir árið 2016 verði fluttur á milli ára vegna viðburðarins 2017. Með vísan til hjálagðrar umsagnar menningar- og ferðamálasviðs er lagt til að borgarráð samþykki að veita Reykjavík Fashion Festival 2017 styrk að upphæð 2 mkr sem greiðist árið 2017 að viðburðinum loknum af 09205 ófyrirséð. Menningar- og ferðamálasviði verði falin gerð og eftirfylgni samnings við Reykjavík Fashion Festival.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:
Bréf frá Reykjavík Fashion Festival dags. 2. desember 2016.
Umsögn menningar- og ferðamálasviðs dags. 19. desember 2016.



Reykjavíkurborg

Menningar- og ferðamálasvið

Reykjavík, 19. desember

2016

RMF16120006

UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Menningar- og ferðamálasvið


Umsögn um styrkbeiðni Reykjavík Fashion Festival ehf. R16120011

Vísað er til umsóknar frá Reykjavík Fashion Festival dags. 2. desember 2016 um að styrkur sem vilyrði var gefið fyrir árið 2016 verði fluttur á milli ára vegna viðburðarins 2017. RFF er hátíð sem farið hefur fram samhliða HönnunarMarsi og er vettvangur til að kynna íslenska fatahönnun. Tugir erlendra fagaðila og blaðamanna hafa sótt viðburðinn heim og því verður hann að teljast mjög mikilvægur fyrir kynningu á íslenskri hönnun. Á þessum forsendum hefur RFF notið styrkja frá menningar- og ferðamálaráði á umliðnum árum og fyrir árið 2016 hlaut hátíðin 2 m.kr. í styrk.

Líkt og rakið er í umsókn RFF til borgarráðs urðu eigendaskipti á hátíðinni á þessu ári og hún ekki haldin í mars eins og ráð hafði verið fyrir gert. Það skal tekið fram að skrifstofa menningarmála hjá MOF gekk á eftir upplýsingum um það hvort hátíðin yrði haldin og leiðbeindi um að styrkvilyrðið myndi falla niður ef ekki yrði af viðburðinum árið 2016. Jafnframt var bent á að skilafrestur fyrir umsóknir fyrir árið 2017 væri 1. október 2016. Vegna eigendaskipta virðist sem þessar upplýsingar hafi ekki borist áfram til réttara aðila og því sóttu nýir eigendur ekki um í menningarstyrkina í tæka tíð. Þegar sú staða varð ljós hafði styrkvilyrðið verið fellt niður og fjármunum endurúthlutað samkvæmt samþykkt menningar- og ferðamálaráðs í farveg hjá ráðgefandi faghópi um styrki. Ekki kom til greina að taka eldri umsókn inn í þann farveg þar eð gildi skilafrestsins 1. október er ófrávíkjanlegt.

Það er mat Menningar- og ferðamálasviðs að um sé að ræða mikilvæga hátíð í viðburðaflóru Reykjavíkur - ekki síst fyrir þær sakir að hún kallar til borgarinnar alþjóðlega athygli á íslenska hönnun. Í ljósi fyrri ára hefur hátíðin notið stuðnings Reykjavíkurborgar - nú síðast 2 m.kr. - og því er öruggt að hún hefði áfram hlotið styrk í menningarpottinum hefði umsókn borist í tæka tíð. Misskilningur nýrra eigenda varðandi ferilinn er óheppilegur en undirrituð hvetur til þess að Reykjavíkurborg standi áfram við bakið á hátíðinni og að borgarráð styrki því RFF 2017 um sömu fjárhæð og styrkvilyrðið var fyrir árið 2016.

Virðingarfyllst
Svanhildur Konráðsdóttir
Menningar- og ferðamálasvið



Erindi til borgarráðs Reykjavíkur
Vegna: Reykjavík Fashion Festival 2017.
Dags. 2. Desember 2016

Fyrir hönd Reykjavík Fashion Festival (RFF) fer ég hér með fram á að borgarráð samþykki ósk okkar um að færa milli ára styrk sem Reykjavíkurborg hafði samþykkt vegna hátíðarinnar 2016.

Eigendaskipti hafa orðið á RFF og tóku nýir eigendur við nú seint á haustmánuðum. Þær upplýsingar lágu þá fyrir að hátíðin hefði fengið styrk vegna RFF frá borginni og að ekki þyrfti að sækja sérstaklega um nýjan styrk vegna hátíðarinnar sem haldin verður í mars á næsta ári í Hörpunni.

Nú hefur komið í ljós að þetta var misskilningur og skrifast væntanlega á eigendaskipti á hátíðinni. Því er sú staða uppi að styrkur vegna 2016 hefur ekki verið greiddur, enda var ákveðið að fresta hátíðinni og halda hana næst í mars 2017 samhliða Hönnunarmars í Hörpunni, en jafnframt að útrunninn er frestur til að sækja um fyrir næsta ár.

Er borgarráð í mestu vinsemd beðið um að taka tillit til þessa og samþykkja að færa styrk sem afgreiddur var fyrir 2016 til 2017, en RFF er einn stærsti menningarviðburður á ári hverju í borginni og gríðarleg kynning á íslenskum hönnuðum, landi, höfuðborg og þjóð. Mikill fjöldi erlendra blaðamanna sækir hátíðina heim, Íslandsstofa og Höfuðborgarstofa standa fyrir umfangsmikilli kynningu í tengslum við hátíðina og þúsundir borgarbúa sækja einstaka viðburði.

RFF er að mestu rekin fyrir styrki frá opinberum aðilum og fyrirtækjum. Fjöldi sjálfboðaliða starfar við hátíðina, en hugmyndin er að hún verði í framtíðinni haldin tvisvar á ári, líkt og gert er í mörgum öðrum borgum. Það yrði þungt högg fyrir RFF 2017 að njóta ekki stuðnings Reykjavíkurborgar og er því einlæg von okkar að unnt verði að verða við erindi þessu með jákvæðum hætti, íslenskri hönnun og hönnuðum til heilla.

Virðingarfyllst,
f.h. RFF

Kolfinna Von Arnardóttir